



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Undir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins heyra m.a. fimmtán heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Forstjóri ber ábyrgð á að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem heilbrigðisráðherra setur. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa víðtæka þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um góða samskipta- og leiðtogahæfileika.

Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. maí 2009. Um kjör forstjóra fer skv. ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Konur, jafnt sem karlar, eru hvött til að sækja um embættið.

Upplýsingar um starfið veita :

Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri (berglind.asgeirsdottir@hbr.stjr.is) og Sigurjón Ingi Haraldsson, skrifstofustjóri (sigurjon.ingi.haraldsson@hbr.stjr.is)

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist heilbrigðisráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eða á postur@hbr.stjr.is eigi síðar en 16. mars 2009

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Heilbrigðisráðuneytið

27. febrúar 2009